

Apríl 2024



Hvatarblaðið

PEMAVIKA Í KERHÓLSSKÓLA UM HEIMSMARKMIÐ SAMEINUDU ÞJÓÐANNA.

Demavika í Kerhólsskóla um Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.

Nemendur í leikskóladeild og yngsta stigi unnu ruslaskrímli, sjálfbærar borgir, listaverk og vélmenn í heimilissorpi, fræddust um ábyrga neyslu, sjálfbærni, heilbriggt lífni og grunnþarfir mannsins. Yngsta stig setti einnig upp fatamarkað þar sem "gamalt varð nýtt" og vakti það mikla lukku.



Á miðstigi gerðu nemendur "Draumaeyjur" þar sem markmiðið var að búa til sjálfbært samfélag. Þau héldu utan um verkefnið sitt á vefsíðu, fjölluðu um heimsmarkmiðin sem tengdust vinnunni og endurnýttu ýmsan efnivið í eyjugerð.

Unglingastig lærði um undirbúning og rekstur vistvæns kaffihúss sem þau opnuðu svo fyrir gesti uppskeruhátidarinnar. Í vikunni heimsóttu nemendur fyrirtækið Friðheima í okkar nærumhverfi, sem hefur hlotið gæða- og umhverfsvottunina Vakann, og lærðu um sjálfbæran rekstur.

Á kaffihúsinu var sanngjörn verkaskipting og góð samvinna en nemendur seldu einnig varning sem þeir hönnuðu í FabLab þar sem ágóðinn rann í ferðasjóð unglingastígs. Unglingastig þakkar kærlega fyrir sig.


| | |
|-------------------------------|-----------------------------|
| Fundargerðir | |
| Sveitarstjórn | 564. fundur |
| Sveitarstjórn | 565. fundur |



Demavika Kerhólsskóla



Pemavika Kerhólsskóla



Pemavika Kerhólsskóla



Demavika Kerhólsskóla



Demavika Kerhólsskóla





SamfélagSverkefni

Margar hendur vinna létt verk

Landsvirkjun vill vera góður granni og hefur því um margra ára skeið starfrækt öfluga sumarvinnuflokka ungs fólks.

Sumarið 2024 munu starfshópar frá okkur sinna fjölbreyttum verkefnum í nágrenni við aflstöðvar okkar.

Nágrannar aflstöðva Landsvirkjunar geta sótt um vinnuframlag og verkstjórn hjá *Margar hendur vinna létt verk* - meðal annars vegna verkefna sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og umhverfisbótum ásamt öðrum samfélagsverkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl.

Hægt er að sækja um á landsvirkjun.is/margarhendur

Hafðu samband ef þú ert nágrenni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



Útboð

EFLA, fyrir hönd Grímsnes- og Grafningshrepps óskar eftir tilboðum í byggingu 700 m² viðbyggingar á tveimur hæðum við Íþróttamiðstöðina á Borg í Grímsnesi. Útboðsgögn verða afhent frá og með föstudeginum 22. mars.

Verklok eru 15. ágúst 2025

Helstu stærðir útboðsverksins eru:

| | |
|------------------------|----------------------|
| Klæðning útveggja: | 480 m ² |
| Steypumót: | 1.990 m ² |
| Bendistál: | 28.100 kg |
| Steinsteypa: | 310 m ³ |
| Forsteyptar holplötur: | 210 m ² |
| Gluggaflétir: | 18 m ² |

Útboðsgögn fást afhent rafrænt á útboðsvef EFLU: <https://efla.ajoursystem.net/tender>

Tengiliður útboðsins er Orri Jónsson, orri.jons@efla.is

Tilboð verða opnuð 24. apríl kl. 11.00.





GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



Útboð

Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

Sláttur, hirðing og áburður á opnum svæðum á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Helstu magntölur eru:

Sláttur og hirðing: 150.000 m²
Dreifing áburðar: 14.000 m²

Útboðsgögn verða send í tölvupósti frá 4. apríl. Áhugasamir um verkið skulu hafa samband við Steinar Sigurjónsson í netfangið steinar@gogg.is til að fá útboðsgögnin í tölvupósti.

Verktímabil er frá 15. maí til 15. september. Verksamningur er til þriggja ára með möguleika á framlengingu.

Tilboðum skal skilað inn á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps í Stjórnsýsluhúsinu á Borg fyrir kl. 11:00 þann 15. apríl 2024.

TJALDSVÆÐIÐ Á BORG

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir til leigu tjaldsvæðið á Borg. Um er að ræða land fyrir tjaldsvæði og mannvirki sem tilheyrir rekstri tjaldsvæðis. Leitað er eftir aðila sem hefur áhuga á að koma að áframhaldandi uppbyggingu og þróun svæðisins.

Borg er vel staðsett á gullna hringnum í grennd við Keríð. Stórt hlutfall ferðamanna sem koma til landsins keyra framhjá svæðinu og gífurlegur fjöldi innlendra ferðamanna kjósa að gista í sveitasælunni á Borg. Á Borg er einnig vinsæl sundlaug sem nýtur mikillar lukku meðal íbúa og ferðamanna. Stutt er í náttúru, leiksvæði, veitingastaði, golfvelli og alla helstu þjónustu frá tjaldsvæðinu.

Leigutaki skal sjá um allan rekstur svæðisins og mannvirkja sem þar eru, innheimtu afnotagjalda, upplýsingagjöf og þjónustu við ferðamenn, auglýsingar fyrir svæðið og annað tilheyrandi. Leigutaki hefur allar tekjur af rekstri svæðisins, sem og allan kostnað. Til kostnaðar telst m.a. rafmagn, þríf á svæðinu og mannvirkjum, sláttur og eftirlit.

Skilyrði er að starfrækt sé tjaldsvæði sem er opið almenningi a.m.k. frá byrjun maí til loka september.

Grasflatir svæðisins eru samtals u.þ.b. 24.000 m² og er svæðið vel útbúið af rafmagnstenglum. Leigusamningur verður gerður til þriggja ára, með möguleika á framlengingu um tvö ár í heildina. Gert er ráð fyrir að nýr rekstraraðili taki við svæðinu fyrir sumarið 2024.

Umsóknum skal fylgja stutt greinargerð um sýn umsækjanda á rekstur svæðisins. Greinargerðin verður lögð til grundvallar vali á umsækjanda.

Fyrir frekari upplýsingar um svæðið, skilmála fyrir leigu eða bókun á vettvangsskoðun á svæðinu, vinsamlegast hafið samband við gogg@gogg.is. Boðið verður upp á vettvangsskoðanir 2. – 5. apríl samkvæmt samkomulagi.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið sveitarstjori@gogg.is í síðasta lagi 15. apríl 2024.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



BORUN Í VADNESI

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps er að bora nýja vinnsluholu í Vaðnesi. Holan er staðsett á líklegu uppstreymi hita í Vaðnesi skv. jafnhitalinum sem teiknaðar eru út frá rannsóknarborholum á svæðinu. Á mynd 1 má sjá áætlaðar jafnhitalínur á svæðinu.

Hér er farið stutt yfir sögu borunar til loka dymbilviku. Stefnt er á borlök og prófanir á holu í apríl.



Mynd 1: Jafnhitalínur í Vaðnesi á loftmynd sem sýnir afstöðu m.v. núverandi vinnslusvæði. Holan er staðsett við hringinn.

Holan var staðsett 18. desember og í kjölfarið hófst vinna við borplan á svæðinu.



Mynd 2: Borplan í vinnslu og tilbúid.

Samhlíða vinnu við borplan var steypt niður yfirborðsföðring um 6 m löng. Borplanið er nægjanlega stórt til að vinna við borun og einnig var jarðvegsskipt í kringum yfirborðsföðringu þannig að hægt sé að byggja dæluhús án frekari jarðvinnu.

Þann 22. janúar kemur borinn og honum stillt upp við yfirborðsföðringu.



Mynd 3: Uppstilling á Bor.

Þá hefst borun. Ákveðið var að steypa fódðringu í 100 m en ekki 56 m líkt og í fyrri holu. Er það gert vegna mikils hruns í holu og sprungna með köldu eða kaldara vatni sem rennur inn í núverandi vinnsluholu. Mikilvægt er að loka þessar sprungur alveg af þar sem þær eru vatnsgæfar og töluvert kaldari en botnhiti.

Hér er borsagan í stuttu máli til útgáfudags:

24. janúar: Borun hefst og borað í 8 m, mikið hrun og vatn og tekið upp fyrir steypingu.

25. janúar: Steypt, ekki nægjanlegt að handhræra steypu.

26. janúar: Steypt með steypubil.

29. janúar: Borað í gegnum steypu og niður í 11 m. Borkróna slitnar af.

1. febrúar: Borkróna fískuð upp, hamar settur saman.

2. febrúar: Borað í 12,5 m. Mikið hrun og vatn, steypt í holu.

6. febrúar: Borað í 14 m. Mikið vatn og hrun, steypt í opningar.

7. febrúar: Enn leki í holu, steypt meira.

9. febrúar: Borað í 17 m. Mikið vatn í 14-15 m.

12. febrúar: Steypt með steypubil.

13. febrúar: borað í gegnum steypu. Enn leki í 13 m og steypt meira.

14. febrúar: Borað í 20 m. Steypt í sprungur og blandað með þéttiefni.

15. febrúar: Enn leki, meiri steypa og þéttiefni.

16. febrúar: Borað frá 14 m í 24 m. Berg frá 20-24 m dýpi, hrun annarstaðar. Steypt.

19. febrúar: Borað í 26 m. Steypt.

20. febrúar: Borað í 38 m, steypt svo.

21. febrúar: Borað í 44 m, steypt í sprungu sem gefur um 20 l/s af 22°C heitu vatni.


22. febrúar: Steypt meira.

23. febrúar: Borað í 50 m. Mikið vatn í 44-50 m dýpi yfir 20 l/s. Steypt.

26. febrúar: Borað í 62 m. Mikið vatn í 60,5 m.

27. febrúar: Borað í 98 m. Hrun í 93-98 m. Sama lag líklega og var erfitt í eldri holunni.

28. febrúar: Steypt og gert klárt í fódðringu. Hóla hitamæld, um 20 °C í botni.



Mynd 4: Hitamæling fyrir fódðrun.

29. febrúar: Byrjað að fódðra.

1. mars: Klárað að fódðra í 98 m og steypt úr 3,5 m³ af steypu.

4. mars: Steypt með fódðringu á yfirborði og holutoppur útbúinn.

5. mars: Steypa borað frá 77 m í 98 m.

6. mars: Borað frá 98-110 m. Hrun eftir það. Steypt.

7. mars: Viðgerð á hamri.

8. mars: Borað í 116 m. Hrun og steypt.

11. mars: Borað í 164 m. Mikið vatn 61°C um 30 l/s. Lækkar í vinnsluholu VN-13B um 2-3 m í mestu loftdælingu.



Mynd 5: Hóla í blæstri með lofti í rúmlega 120 m. Vatnsmagn um 50 70 l/s

12. mars: Borað í 176 m. Undirbúið undir hjólakrónuborun. Miklar opningar og ekki hægt að ná vatni upp með loftpressu.

13. mars: Hitamæling og undirbúningur hjólakrónuborunar. Hóla um 70°C í botni.

| Þáttur | 13/3 2r | | |
|--------|---------|-----|------|
| 25 | 20.0 | 1.2 | 6.8 |
| 30 | 26.1 | 1.6 | 20.0 |
| 40 | 26.5 | 1.3 | 24.1 |
| 50 | 28.2 | 1.7 | 24.5 |
| 60 | 27.1 | | |
| 70 | 27.3 | | |
| 80 | 28.0 | | |
| 90 | 28.8 | | |
| 100 | 25.7 | | |
| 110 | 21.5 | | |
| 120 | 14.9 | | |
| 130 | 10.4 | | |
| 140 | 6.4 | | |
| 150 | 4.2 | | |
| 160 | 2.2 | | |
| 170 | 2.0 | | |
| 180 | 6.4 | | |
| 190 | 2.8 | | |
| 200 | 4.4 | | |
| 210 | 6.7 | | |
| 220 | 4.8 | | |

Mynd 6: Hitamæling í 173 m.

14. mars: Hjólakrónuborað í 181 m. Notast er við jafnvægisborun þar sem notað er bæði vatn og loft til að lágmarka blöndun á köldu vatni í jarðhitageyminn. Hraðastýring græjuð á dælu í holu VN-5B þannig að hægt sé að keyra hana á 60 Hz og nota sem borvatn.

15. mars: Hjólakrónuborað í 210 m. Líklega einhverjar opningar. Fylgst vel með hitastigi í vinnsluholu VN-13B sem breytist ekki. Ekki sjáanleg breyting á vatnsborði.

18. mars: Borað frá 210 m til 234 m.

19. mars: Borað frá 234 m til 264 m. Hart berg.

20. mars: Borað frá 264 m í 288 m. Mikið botnfall í holunni um morgun og töluverður tími fór í skolon.

21. mars: Bilun í vatnsdælu.

22. mars: Borað frá 288 m til 324 m. Jafn gangur en heldur linara frá 305 m.

25. mars: Bilun í toppdrifi.

26/27 mars: Viðgerðir og borað í 336 m.


Vesturbyggð

Góður gangur er á verkinu og enn innan tímaáætlunar. Verið er að vinna í bæði skólþ- og regnvatnslögnum og fer vinna við annan botnlanga fljótlega af stað. Von er á hreinsistöð fyrir svæðið til landsins í maí en hún er framleidd í Bretlandi.





Bálhýsi í Yndisskógi

Búið er að leggja lokahönd á teikningar af nýju bálhýsi sem staðsett verður í Yndisskóginum á Borg. Hönnun er byggð á svipuðum húsum frá Danmörku sem og húsum sem Skógrækt Ríkisins er með á sínum svæðum. Reynt hefur verið að byggja á þeirra reynslu með húsin þar sem ýmis vandamál hafa orðið. Efni í húsið er keypt á Snæfóksstöðum hjá Skógræktarfélagi Árnessýslu og því notaður efniviður úr heimabyggð.



| | |
|--|--|
| Hrafnkell Sigurðsson <i>Loftnet Aerials</i> | Sigga Björg & Mikael Lind <i>Hamslettur Skinninga</i> |
| $\frac{1 2}{3 4}$ | |
| Kristinn Már Pálmason <i>Kaþarsis</i> | Erla S. Haraldsdóttir <i>Draumur móður minnar My Mother's Dream</i> |



www.listasafnarnesinga.is
Austurmörk 21
810 Hveragerði



Ókeypis
aðgangur
Free entry



Komum saman 60+

Endurtökum opna húsið.

Þann 30. apríl klukkan 20:00 verður opið hús í Frístundamiðstöðinni á Borg fyrir öll 60 ára og eldri.

Þetta er óformleg samvera þar sem hægt er að koma og hitta aðra, sinna hannyrðum, spila og spjalla, allt eftir áhuga hvers og eins.

Kaffi verður í boði og gaman ef fólk kæmi með eitthvað smáræði í sameiginlegt snarl.



**JÞ Verk
Jarðvinnuverktaki**

JTVERKEHF@GMAIL.COM
Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115

Tökum að okkur STÓR og smá verk:

- jarðvinnu -
- tætingu -
- snjómokstur -
- bílaflutninga,
- jarðheflun
- fólksflutninga.



JÞ Verk

Aðalfundur Ungmennafélagsins Hvatar
verður haldinn í Félagsheimilinu Borg
þriðjudaginn 16. apríl kl. 20:00.

Dagskrá fundarins:



1. Síðasta fundargerð lesin
2. Ársreikningur
3. Almenn umræða um starfið, upplýsingar og hugmyndir
4. Kosning stjórnar
5. Önnur mál

Við hvetjum alla sem eru áhugasamir um starf félagsins til að mæta á fundinn og taka þátt í umræðum og hafa þannig áhrif á starfið.

Við óskum einnig eftir framboðum í stjórnarsetu í félaginu og geta áhugasamir sent póst á formann á netfangið umhivot@gmail.com eða mætt á fundinn og boðið sig fram. Sérstaklega er óskað eftir því ef einhver hefur áhuga að taka við formennsku í félaginu.

Núverandi formaður mun ekki sitja meira en ár til viðbótar en er einnig tilbúin að stíga til hliðar á þessu ári og hleypa öðrum að, ef fólk hefur sköðanir á starfinu og langar að bæta starfið.

Vonumst til að sjá sem flesta á fundinum til að eiga gott samtal með kaffibolla og veitingum.

Kveðja
Stjórnin



Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og stýrihópur heilsueflandi samfélags óska eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna vegna heilsueflandi verkefna og starfa.

Í leiðinni minnum við á að hægt er að sækja um styrki fyrir heilsueflandi verkefni en allar upplýsingar um styrkinn má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tilnefningar má send á heilsu- og tómsfundafulltrúa á netfangið gudrunasa@gogg.is eða í síma 4805515.

Einnig má senda á sama netfang spurningar og ábendingar varðandi heilsueflandi samfélag.



HEIMSMARKMIÐIN
um sjálfbæra þróun

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI GRÆNU
KÖNNUNNAR OG VÖLU Í
APRÍL 2024

VIRKIR DAGAR OPIÐ

11:00 TIL 16:00

LAUGARDAGAR 11:00 TIL 17:00

SUNNUDAGA 13:00 TIL 17:00

OPIÐ 11:00 - 17:00
Á SUMARDAGINN FYRSTA



MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00

LOKAÐ Á SUMARDAGINN FYRSTA



Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2024

| | |
|----------------|---------------------------------------|
| 20. apríl | Ársfundur SSK á Laugalandi í Holtum |
| Mai | Vorfundur/Leikhúsförð |
| 1. júní | Kosningakaffi |
| 4. júní | Vorgleði í Mörkinní |
| 17. júní | Fjallkonan |
| Júní | Undirbúningur fyrir Grímsævintýri |
| Ágúst | Vinnudagar fyrir Grímsævintýri |
| Ágúst | Grímsævintýri |
| 5. septemb. | Haustfundur |
| Sept/okt. | Gleði með uppsveitaféldögnum |
| 11.-13. októb. | Landsþing KI á Ísafirði og í Hnífsdal |
| 1. nóvemb. | Grímuball |
| Nóvember | Jólabingó |
| Nóv/Des | Jólafundur |



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar:

Mánudaga 12:30 til 13:30 og 15:00 til 16:30

Þriðjudaga 15:00 til 16:30

Fimmtudaga 12:30 til 13:30 og 15:00 til 16:30

Kvöldopnun:

Fimmtudaginn 4. apríl kl. 19:30 – 21:30

Þriðjudaginn 9. apríl kl. 19:30 – 21:30 **Handverkskvöld**

ADALFUNDUR SKÓGRÆKTARFÉLAGS GRÍMSNESHREPPS

Verður haldinn þriðjudaginn 9. apríl kl. 20.00
í Félagsheimilinu Borg

Venjuleg aðalfundarstörf
Meðal annars kosning formanns, áhugasamir hafi
samband við stjórn fyrir fund.

Stjórn Skógræktarfélag Grímsneshrepps



ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN Borg



Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14:00 - 21:30

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun



Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530



STÓRI PLOKK DAGURINN

28. APRÍL 2024

Grímsnes- og Grafningshreppur hvetur íbúa og aðra sem dvelja í sveitarfélaginu til þess að taka þátt í stóra plokkdeginum þann 28. apríl.

Hægt verður að nálgast hanska og poka í **Félagsheimilinu Borg á milli kl. 10 og 12 um morguninn** og hægt að koma pokum á kerru sem verður þar fyrir utan út daginn.

Að plokka gefur fólki tækifæri til að sameina útiveru og hreyfingu sem og að sýna umhverfinu og samfélaginu kærleik í verki. Að plokka feugar umhverfi okkar og náttúru.

Góð ráð frá Plokk á Íslandi.

1. Finna sér svæði til að plokka á og hvetja fjölskylduna til að taka þátt.
2. Stofna viðburð eða tengja sig inn á stofnaðan viðburð.
3. Útvega sér ruslapoka, hanska og plokkþöng.
4. Klæða sig eftir aðstæðum.
5. Koma afrakstrinum á viðeigandi stofnun.
6. Hringja eða senda tölvupóst á sveitarfélagið sitt og láta sækja ef magnið er mikið.
7. Gæta fyllstu varúðar og brýna fyrir börnum að láta nálar og aðra hættulega hluti vera, en tilkynna til foreldra eða umsjónarmanna svo mögulegt sé að fjarlægja þá.



VINNUSKÓLI 2024

AUGLÝST ER EFTIR UNGLINGUM 13 – 16 ÁRA (2011 – 2008)
Í VINNUSKÓLA SVEITARFÉLAGSINS
FRÁ 10. JÚNÍ TIL OG MED 18. JÚLÍ 2024.

HÆGT ER AD SAKJA UM RAFRÆNT Á HEIMSÍDU
SVEITARFÉLAGSINS GOGG.IS, UNDIR ÞJÓNUSTA – VINNUSKÓLI.
Á SAMA STAD MÁ FINNA STARFSREGLUR VINNUSKÓLANS.

TEKID VERÐUR Á MÓTI UMSÓKNUM TIL OG MED 1. MAÍ 2023

NÁNARI UPPLÝSINGAR FÁST GEGNUM NETFANGID
GOGG@GOGG.IS.



| | |
|--|---|
| RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR | ÁBYRGÐARMAÐUR ÞÓRLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR |
| Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is | https://www.gogg.is/ |